

Umhverfisráðsfundur 06.10.2017

Umhverfisráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Agnes Finnsdóttir, leiðbeinandi (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Hlín Pálsdóttir, leikskólakennari (Álfasteinn), Lína Ellertsdóttir, leikskólakennari (Brikiból) og Sigríður Sigurðardóttir, leiðbeinandi (Lundur).



Fjarverandi: Lína Ellertsdóttir, Anna Guðjónsdóttir
Fundur hófst kl 8:30

Dagskrá fundar:

- 1) Nýjir fulltrúar boðnir velkomnir, Hlín, Lína og Sigga.
- 2) Farið yfir hlutverk umhverfisráðs, umhverfissáttmála og umhverfisstefnu leikskólans og fundartíma sitjandi ráðs.

Hlutverk:

- Að hvetja starfsmenn til að fylgja umhverfisstefnu leikskólans eftir
- Að sjá um eftirlit inná deildum
- Að bera ábyrgð á átaksverkefnum í ýmsum þáttum umhverfisstefnunnar
- Að undirbúa og sækja um Grænfánann annað hvert ár
- Umhverfisráðherrar deilda skiptast á að bera ábyrgð á að endurvinnslukompan sé tæmd reglulega og að fylgjast með því að það sé rétt flokkað. Best að Álfasteinn og Tröllgil sjái um þessa vinnu enda nálægðin mest og best fyrir krakkana þar að hjálpa til.
Ekki á að fara með gáminn niður í garð eins og gert hefur verið upp á síðkastið heldur og við minnt á að krakkarnir geta/eiga að hjálpa til.
- Fundardagar verða fimmtudagar kl. 8:30-9:00, muna að koma með dagbókina og klára skilaboðafundinn.

Umhverfissáttmáli leikskólans:

Leikskólinn Norðurberg leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að börnin þekki og virði umhverfi sitt og náttúru og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Leikskólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi almenn innkaup á vörum og matvælum, notkun efna, orku og vatns og meðferð á lífrænum sem ólífrænum úrgangi.

- 3) Fara yfir skrefin sjö.
Anna Borg las upp og fór yfir skrefin sjö.
- 4) Fara yfir þemu fyrir umsókn 2018.
Talað var um að þemað yrði matarsóun og það gæti þá tengst inn í neyslu. Ekki búið að sækja um.
- 5) Umhverfisráð skiptir með sér verkum.
Anna Borg sér um fundarboð, Hlín er ritari
- 6) Moltutunnur:
 - Moltutunna 1: Blaut
 - Moltutunna 2: ósamsett
 - Moltutunna 3: Mjög blaut
 - Moltutunna 4: í notkun
 - Moltutunna 5: Mjög blaut
 - Moltutunna 6: Frekar blaut
 - Moltutunna 7: Frekar blaut
 - Moltutunna Lundur: Blaut
 - Moltukassar inni: Ekki í notkun en áætlað er að byrja í næstu viku

Muna að hræra í öllum moltutunnum, sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnum.

- 7) Fylgjast vel með og leiðbeina nýju starfsfólki. Átaksvika í lífræna sorpinu. Fylgjast á með veðri og að ekki sé mikil rigning þannig að hægt verði að fara yfir moltutunnur. Fara á minnsta lagi 2x í viku út með Svanga Manga. Byrja að nota moltukassa inni og tæma 1x í mánuði. Þó þarf að hræra í á hverjum degi og bæta í þurru efni. Nýta á tækifærin í útivist og týna upp laufblöð til að nýta í moltutunnurnar.
- 8) Hverjir yfirfara tunnur fyrir næsta fund?
Elwira og Hlín
- 9) Næsti fundur verður 9. nóvember
- 10) Önnur mál

Fundi lokið: 9

Ritari fundarins: Hlín Pálsdóttir